

SKÓLANÁMSKRÁ



LEIKSKÓLINN NÚPUR SKÓLANÁMSKRÁ

3. útgáfa 2015

Kópavogur
Unnið af starfsfólki leikskólans 2012-2014



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR	4
2. SÝN Á NÁM LEIKSKÓLABARNA.....	5
2.1 Lög um leikskóla	5
2.2 Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla	6
2.3 Aðalnámkrá leikskóla.....	6
2.4 Námskrár og stefnumótun Kópavogs	6
2.5 Starfsáætlun	6
2.6 Perlan.....	7
3 LEIÐARLIÓS NÚPS	7
3.1 Fjölgreindir	9
4 LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI	10
4.1 Nám án aðgreiningar	10
4.2 Lífsleikni	10
4.3 Val	10
5 LEIKUR OG NÁM	11
5.1 Nám í daglegu lífi í leikskóla	11
5.2 Nám í samskiptum	11
5.3 Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun	12
6 NÁMSUMHVERFI	12
7 SAMÞÆTT OG SKAPANDI SKÓLASTARF	12
7.1 Læsi og samskipti.....	12
7.2 Heilbrigði og vellíðan	13
7.3 Sjálfbærni og vísindi	13
7.4 Sköpun og menning	14
8 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	14
9 FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN.....	14
9.1 Velkomin í leikskólann	15
9.2 Aðlögun	15
9.3 Flutningur milli deilda.....	16
9.4 Trúnaður - tilkynningarskylda.....	16
9.5 Foreldrafundir.....	16

9.6 Foreldraviðtöl	16
9.7 Foreldrafélag	16
9.8 Foreldraráð	17
10 TENGL SKÓLASTIGA	17
11 STARFSÁÆTLUN	17
12 MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	18
12.1 Innra mat í leikskólanum	18
12.2 Ytra mat í leikskóla	18

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Leikskólinn Núpur hóf starfsemi 4. janúar 2000. Leikskólinn dregur nafn sitt af nafni götunnar sem hann stendur við.

Í leikskólanum Núpi eru 5 deildir:

Höfði og Brekka fyrir 4 og 5 ára börn.

Hvammur og Þúfa fyrir 2 og 3 ára börn.

Lundur fyrir 1 og 2 ára börn

Í leikskólanum geta dvalið 108 börn.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 árdegis til kl. 17:00 síðdegis

Heimilisfang leikskólans:

Leikskólinn Núpur

Núpalind 3

201 Kópavogur

Sími, netfang og veffang leikskólans:

S: 554-7020

nupur@kopavogur.is

<http://www.nupur.kopavogur.is>

2. SÝN Á NÁM LEIKSKÓLABARNA

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og rita ýmissa uppeldisfrömuða og heimspekinga.



Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluaðferð leikskólakennarans. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppallendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra.

Leikskólauppeldi og menntun barna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin leikur – vinna – nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börn þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

2.1 Lög um leikskóla

Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins, fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla.

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim, og *Aðalnámskrá leikskóla* sem menntamálaráðuneytið gefur út.

Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið uppeldis og kennslu vera að:

- Fylgjast vel með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- Stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Lög um leikskóla nr.90/2008.

2.2 Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 655/2009 tekur til ýmissa ákvæða er varða meðal annars:

- Skólahúsnæði, skólalóð og búnað
- Lágmarksaðstöðu
- Fjölda barna
- Fjölda starfsmanna
- Dvalartíma barna
- Öryggi og slysavarnir

2.3 Aðalnámskrá leikskóla

Menntamálaráðuneytið gefur út *Aðalnámskrá leikskóla*. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* er lögð áhersla á að efla alhliða þroska barnsins, heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf, lífsleikni og sjálfstraust. Í leikskóla skal barnið ávallt vera í brennidepli og gert er ráð fyrir að barnið sé hæfileikaríkur og getumikill einstaklingur sem kann, getur og vill.

Lög um leikskóla, Reglugerð um starfsemi leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla* er að finna á netinu:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/>

2.4 Námskrár og stefnumótun Kópavogs

Kópavogusbær hefur markað stefnu í ýmsum málaflokkum s.s um jafnrétt, einelti og fl. Einnig hafa verið gefnar út námskrár fyrir mismunandi aldurshópa leikskólabarna.

<http://www.kopavogur.is/thjonusta/skolar/leikskolar/stefnumotun/>

http://www.kopavogur.is/files/leikskolar/Namskrar/Namskra_5ara.pdf


http://www.kopavogur.is/files/leikskolar/Namskrar/Namskra_3-4ara.pdf

http://www.kopavogur.is/files/leikskolar/Namskrar/Namskra_1-2_ara.pdf

2.5 Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana.

2.6 Perlan



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er **gulur** þ.e. litur sólarinnar.

Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er **appelsínugulur** - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og

vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er **rauður**, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er **grænn**, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er **ljósblár**, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

3 LEIÐARLJÓS NÚPS



Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta barnsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi

leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja

Leiðarljós Núps er að efla sjálfræði, skapandi hugsun, samskiptahæfni og lýðræðishugsun, þar sem einstaklingar læra að takast á við breytilegar aðstæður með opnum hug. Unnið er út frá

fjölgreindarkenningu Howard Gardner þar sem börnin nota allar greindir við að nálgast viðfangsefni sín og ferlið helgast af áhugasviði barnanna

Áhersla er lögð á að börnin verði sjálfstæð, ábyrg, hafi frumkvæði, séu forvitin og áhugasöm um lífið og tilveruna. Einstaklingar sem virða rétt annarra, hafa samkennd, sterka siðferðisvitund og eru jafnframt réttlátir og fordómalausir. Einstaklinga sem taka hindrunum sem ögrunum til að yfirstíga. Börnin eiga að fá tækifæri í daglegu lífi og leik til þess að finna að þau sjálf hafi áhrif á umhverfi sitt t.d. með reglum sem þau setja sjálf og fara eftir.

Með viðurkennandi samskiptum eflist sjálfstæði barna og þeim er gefið tækifæri til að þróa jákvæða sjálfsmynd með því að upplifanir, hugsanir og tilfinningar þeirra eru virtar. En umfram allt verður gleði ríkjandi þáttur í lífi barnanna.

Einkunnarorð leikskólans eru: *sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði*

Sjálfstæði

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þýðir sjálfstæði að vera óháður öðrum.

Markmiðið er að:

- barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekkir sín takmörk í samskiptum við aðra og finnur möguleika sína til aukins andlegs og líkamlegs þroska
- leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við
- leikskólakennarinn hvetji barnið til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði
- barnið læri að vinna úr ágreiningi á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir

Sköpun

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þýðir sköpun að skapa, búa til.

Markmiðið er að:

- barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á
- búa barninu aðstæður sem ýta undir sköpunargleði.

Samvinna

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þýðir samvinna samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Markmiðið er að:

- börnin læri að vinna saman sem jafningjar
- börnin öðlist betri sjálfsþekkingu gegnum samvinnu
- samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp
- leikskólakennararnir verði börnunum fyrirmynd í samvinnu og samskiptum sem einkennast af gagnkvæmri virðingu

Gleði

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þýðir gleði ánægja, gott skap.

Markmiðið er að:

- leikskólastarfið verði þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar
- leikskólakennararnir stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik
- gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman

3.1 Fjölgreindir

Allt leikskólastarf byggir á leikskóla- og uppeldisfræðum. Í Núpi er starfið byggt á kenningum valinna fræðimanna: Bae, Devries, Dewey, Gardner, Goleman, Kamii, Piaget, Pratt og Wygotski,

Aðaláhersla er lögð á kenningu **Howard Gardner** um fjölgreindir þar sem kjarninn er sá að greind sé ekki eitt fyrirbæri heldur mörg og að það séu til margar greindir. Þær eru; hreyfi-, umhverfis-, samskipta-, tónlistar-, sjálfsþekkingar-, rök-, mál- og rýmisgreind. Hver greind er lýsandi fyrir þá leið sem einstaklingur notar til að nálgast viðfangsefnið. Ef barnið fær að njóta sín á því sviði sem það er sterkast finnur það til gleði. Hver einstaklingur býr yfir öllum greindunum og flestir geta þróað hverja greind á viðhlítandi getustig.

Kennslufræði fjölgreindanna miðar að því að styrkja og þroska allar greindir á sem víðastan hátt og með því skapa góða sjálfsvitund. Með því að nýta þær greindir sem barnið er sterkt í aukast möguleikarnir á að það þroski einnig þær greindir sem barnið þarf örvun í. Örvun á að fara fram í gegnum eins margar greindir og verkefni og hægt er.

Vísindalegar forsendur fyrir fjölgreindum:

- Greind þarf að eiga sér ákveðna stöð í heilanum.
- Greind á að byggja á meðfæddum hæfileikum.
- Greind á að vera með sín eigin tákn, ritmál, tjáningarform eða kerfi sem er sérstakt fyrir þetta ákveðna hæfnissvið.
- Það á að vera hægt að þroska greind og bæta meðfædda eiginleika með æfingu og örvun.
- Greind á að vera með þróunarsögu.
- Greind á að vera óháð öðrum greindum eða hæfileikum.
- Það á að vera hægt að prófa getustig einstaklings í hverri greind eða hæfnissviði fyrir sig.

Snillimynd er verkfæri kennarans til að kortleggja sterkar og veikar greindir barnsins. Til að fá góða heildarmynd af barninu þurfa kennarar að vinna saman að undirbúningi snillimyndarinnar. Snillimynd barnsins er í raun námskrá þess þar sem snillimyndin sýnir okkur hvað barnið á auðvelt með og hvað þarf að örva. Kennarinn kynnir svo og ræðir námskrána við foreldra í foreldraviðtali.

4 LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Í daglegu starfi í Núpi er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti þar sem börnin eru hvött til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Til að ná fram þessum markmiðum eru notaðar aðferðir á borð við nám án aðgreiningar, lífsleikni og val.

4.1 Nám án aðgreiningar

Leitast er við að starfið sé fjölbreytt og hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að börn myndi vinatengsl og þeirra á milli ríki samkennd.

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða eru kallaðir til utanaðkomandi sérfræðingar til frekari ráðgjafar, í samstarfi við foreldra.

Barn með fötlun og/eða þroskafrávik fær sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í daglegu starfi deildarinnar og í minni hópum.

Gerð er einstaklingsnámskrá með hverju barni sem er með greiningu og þarf sérkennslu. Í þeim tilfellum þar sem barn er ekki með greiningu en þurfa sérstaka aðstoð er farið eftir áherslupáttum sem taka mið af þörfum þess. Einstaklingsnámskrár og áherslupættir eru endurskoðaðir eftir þörfum en ekki sjaldnar en einu sinni á ári og unnir af sérkennara í samvinnu við deildarstjóra. Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum og samstarfsaðilum þar sem farið er yfir efni einstaklingsnámskrár og áherslupátta.

Markmið sérkennslu er að virkja barnið í starfi á leikskólanum þannig að það falli í hópinn, njóti leikskóladvalarinnar og þroskist sem best á eigin forsendum.

4.2 Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni barns til að takast á við lífið. Barnið lærir að sýna umburðarlyndi í samskiptum sínum við aðra og einnig bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, menningu og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnsins eftir og styrkt þannig að það verði hæfara til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Það tekur þátt í ákvörðunum sem varða líf þess og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir.

Markmið lífsleikni er að barnið fái tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfið.

4.3 Val

Val er byggt á hugmyndum um áhugahvöt og virkni barnsins. Val gefur barninu kost á fjölbreyttum verkefnum þar sem húsnaði og búnaður leikskólans nýtist sem best. Kennarar eiga að hafa sem minnst áhrif á val barnanna.

Markmið með vali er að bjóða upp á fjölbreytt verkefni, stuðla að sjálfræði og sjálfstæði, frjáls og sjálfsprottinn leikur fái notið sín á forsendum barnsins. Valið eflir og styrkir sjálfsvitund þess og það læra að taka tillit til annara.

5 LEIKUR OG NÁM



Leikur er meginnámsleið barna og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina út frá sjónarmiði annarra.

Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Hin frjálsi og sjálfsprottnei leikur er æðstur allra leikja, hann virkjar sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barnanna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga.

Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Hlutverk þeirra er að styðja við nám barna í gegnum leik á marg víslegan hátt, m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga. Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
- Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.

5.1 Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

5.2 Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmýnd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

5.3 Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að efla sjálfstæði og vekja forvitni, frumkvæði, virkni, áhuga og gleði barnanna. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu.

6 NÁMSUMHVERFI



Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Leikskólakennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.

Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börnum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

7 SAMÞÆTT OG SKAPANDI SKÓLASTARF



Börn læra gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Barnið er í brennidepli og starfshættir taka mið að þroska og þörfum hvers einstaklings. Þar með þarf leikskólastarfið að skiptast í ýmiss konar leik-, náms- og samverustundir. Þau læra í samvinnu við önnur börn og einnig þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans.

7.1 Læsi og samskipti



félagslegt í eðli sínu.

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Það snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því



Læsi í leikskóla felur í sér að afla þekkingar og leikni til að skynja, skilja, túlka og gagnrýna og miðla. Með læsi er átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Í Núpi er unnið með félagsþroskann í skipulögðu starfi og frjálsum leik, inni jafnt sem úti. Þar læra börnin að þekkja og treysta hvert öðru. Lagður er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Börnin læra að taka tillit til hvers annars og öðlast skilning á

margbreytileika okkar sem einstaklinga, ásamt því að efla og styrkja sjálfsvitund sína.

Dagskipulag Núps býður upp á fjölmörg tækifæri fyrir börnin til að þróa læsi og samskipti. Það gera þau í samverustundum, hópastarfi, frjálsum leik og vali, útiveru og á matmálistímum. Í þessum stundum vinna börnin með samskipti og tileinka sér læsi á sjálf sig, aðra og umhverfi sitt.

7.2 Heilbrigði og vellíðan



Í leikskóla læra börn um hollt matarræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu, samskipti og að tileinka sér heilbrigðan lífstíl.

Í Núpi er lögð er áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar sem börnin læra sjálfshjálp, samskipti og borðsiði.

Hvíld og nægur reglubundinn svefn er öllum börnum nauðsynlegur til að geta viðhaldið vellíðan, andlegri og líkamlegri heilsu. Hvíld/svefn miðast við aldur og þarfir hvers og eins barns.

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu og stuðlar að því að börnin þroski með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu.



Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan. Í leikskóla er hreyfipörf virt og örðuð, barnið lærir að þekkja og skynja líkama sinn.

Jákvæð samskipti eru grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Sjálfsmynd barna mótask hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn.



7.3 Sjálfbærni og vísindi



Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun, læri að njóta hennar og virða. Að þau geri sér grein fyrir því að umgengni þeirra og annarra hefur áhrif á umhverfið í nútíð og framtíð. Í vettvangsferðum og daglegri útiveru kynnast börnin gróðri, dýralífi og fjölbreytileika íslenskrar veðráttu.

Kennaranum ber að ýta undir forvitni og vísindalega hugsun barna ásamt því að aðstoða þau við að sjá tengsl, örsök og afleiðingu

hluta.

Lýheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

7.4 Sköpun og menning



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Markmiðið í Núpi er að barnið verði skapandi einstaklingur og því gert kleift að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og sköpunargleðin fái að njóta sín. Umhverfi leikskólans á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna þannig að þau upplifi ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman.



Menningin er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í Núpi eru ákveðnar hefðir sem hafa myndast með tímanum og eru þær mikilvægur hluti af menningu skólans. Má þar nefna viðburði eins og karla- og kvennadag, piparkökumálun, sólstöðuhátíð, sveitaferð o.fl.

8 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA

Leikskólar Kópavogs þróa fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

9 FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Leikskólinn er lögum samkvæmt, fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti og að foreldrar þekki kennara barnsins og aðra kennara leikskólans.

Markmiðið með foreldrasamstarfi í Núpi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Meginhlutverk leikskóla felst í því að veita börnum leikskólamenntun, en jafnframt er leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans og aðbúnaði og umönnun barnanna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir sem stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Áhersla er lögð á samstarf og samvinnu við báða foreldra barnsins.

9.1 Velkomin í leikskólann

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Gefið er út kynningarrit um Núp til að auðvelda foreldrum að kynnst starfsemi leikskólans. Í kynningarritinu er einnig útdráttur úr námskrá leikskólans.

Haldnir eru fundir fyrir foreldra nýrra barna að vori eða hausti eftir þörfum hverju sinni. Markmið þeirra funda er að kynna leikskólann, deildarstjóra, starfsmenn og skipulag starfsins. Foreldrar fá kynningarrit leikskólans ásamt öðrum upplýsingablöðum á fundinum.

Í lok fundarins er gengið frá dvalarsamningum og dvalartímum.

9.2 Aðlögun



Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Mikilvægt er að báðir foreldrar taki þátt í aðlöguninni.

Markmið aðlögunar í Núpi eru að:

- barnið tengist kennurum leikskólans og kynnist starfseminni
- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvaða hólf það á í fataherbergi og hvaða skúffu það á inni á deild
- barn og foreldrar kynnist kennurum og börnum leikskólans smám saman
- foreldrarir þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái hugmynd um starfsemi leikskólans
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma
- barnið kynnist sérhverjum þætti leikskólastarfsins ásamt foreldri til að öðlast öryggi í leikskólanum og til að auka möguleika á umræðum heima
- hin börnin og leikskólakennarar á deildinni kynnist nýja barninu

9.3 Flutningur milli deilda

Það er ný reynsla fyrir barnið þegar það flytur á milli deilda. Leikskólakennarar beggja deilda vinna sameiginlega að því að auðvelda hverju barni flutninginn. Foreldrar eru hvattir til að koma og vera með barninu einn dag eða hluta úr degi þegar það er byrjað á nýju deildinni.

Markmið vegna flutnings milli deilda er að:

- barnið kynnist nýrri deild, bæði börnum og leikskólakennurum
- barnið sé öruggt á nýju deildinni

9.4 Trúnaður - tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

9.5 Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni til tvisvar á ári. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Námskrá leikskólans og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar.

9.6 Foreldraviðtöl

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar eiga formlegt viðtal við foreldra tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahóp. Snillimynd barnsins er rædd.

Markmið með foreldraviðtölum er að:

- upplýsa foreldra um líðan barnsins í leikskólanum
- gefa foreldrum tækifæri til að ræða einslega við leikskólakennara

9.7 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg. Báðir foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því m.a. að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og kennara leikskólans
- styðja heimili og leikskóla við að skapa börnunum góð uppeldisskilyrði

Stjórn félagsins hittist a.m.k. einu sinni í mánuði og skipuleggur ýmsa viðburði fyrir börnin í samstarfi við leikskólann.

Einn fulltrúi starfsmanna leikskólans situr fundi stjórnar foreldrafélagsins sem tengiliður leikskólans. Kosning stjórnar fer fram á sameiginlegum aðalfundi foreldrafélagsins og leikskólans.

9.8 Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla skal kjósa foreldraráð við leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að:

- Gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr.2.mgr4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð Núps hittist að að meðaltali annan hvern mánuð, frá september til maí. Í foreldraráði sitja 3-4 fulltrúar foreldra, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna og leikskólastjóri.

10 TENGL SKÓLASTIGA



Samstarf við Lindaskóla hefur það að markmiði að auðvelda hverju barni að flytjast milli skólastiga. Í sameiningu vinna skólarnir að því að mynda samfellu á milli leik- og grunnskólans þannig að þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Samstarfið er hluti af skólastarfi í fyrsta bekk sem og í starfi með elstu börn leikskólans. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sem leikskólar varðveita.

Upplýsingar um einstök börn geta fylgt þeim í grunnskóla, upplýsingar um börn, sem hafa fengið sérkennslu í leikskóla, fara til grunnskóla í gegnum skólaskrifstofu.

Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla ber leikskólastjóra að sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

11 STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana.

12 MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála og annarra aðila og er nefnt ytra mat.

12.1 Innra mat í leikskólanum

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Í leikskólum Kópavogs er ECERS kvarðinn notaður við matið. ECERS, stendur fyrir Early Childhood Environment Rating Scale, og er kvarði til þess að meta í heild umhverfi leikskólans og alla þætti í leikskólastarfinu. Einnig eru sérstakir listar til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks, svo og stjórnun leikskólans.

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er sérstakur spurningalisti ætlaður til þess. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Árlega meta börnin starfið. Spruningalisti er lagður fyrir elsta árgang skólans. Einnig eru aðrar matsaðferðir notaðar.

Hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár. Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans

12.2 Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.